

Mikilvægar upplýsingar: Nauðsynlegt er að gera breytingar á notkunarskilmálum Home Connect-forritsins. Hér á eftir má finna núverandi notkunarskilmála sem og þá útgáfu sem brátt tekur gildi. Hafðu í huga að þegar breytingin tekur gildi verður þú af tæknilegum ástæðum beðin(n) að staðfesta nýju notkunarskilmálana í Home Connect-forritinu.

A. Notkunarskilmálar sem gilda þar til 28.05.2018:

Notkunarskilmálar fyrir Home Connect-forritið

1. Grundvöllur samningsins

Fyrirtækið Home Connect GmbH, Carl-Wery-Strasse 34, 81739 München, Þýskalandi (hér eftir kallað „rekstraraðili“) lætur þér hér með í té Home Connect-forritið án endurgjalds, til uppsetningar og notkunar á fartæki/-tækjum í þinni eigu.

Þessir notkunarskilmálar („notkunarskilmálar“) skulu gilda á milli þín, sem notanda Home Connect-forritsins, og fyrirtækisins Home Connect GmbH, sem rekstraraðila téðs forrits. Þegar þú hefur lokið skráningu skulu þessir skilmálar teljast bindandi samningsgrundvöllur fyrir notkun á Home Connect-forritinu. Þú getur kynnt þér og vistað þessa notkunarskilmála í Home Connect-forritinu undir „Stillingar“.

2. Aðgerðir og þjónusta sem í boði eru gegnum Home Connect-forritið

Home Connect-forritinu er ætlað að stjórna stærri og minni tækjum til heimilisnota („heimilistækjum“) sem eru samhaf við Home Connect og að veita aðra þjónustu (t.d. ábendingar um notkun tiltekinna kerfa heimilistækjanna, tillögur að uppskriftum eða tillögur um leiðir til að auka orkunýtingu) í tengslum við heimilistækin þín.

Aðgerðir og þjónusta sem í boði eru gegnum Home Connect-forritið geta verið mismunandi eftir gerð tækisins. Kynntu þér Home Connect-forritið vandlega til að sjá hvaða tilteknar aðgerðir eru í boði fyrir þig.

Af öryggisástæðum krefjast sumar aðgerðanna í Home Connect ekki aðeins skipunar gegnum Home Connect-forritið heldur einnig handvirkar staðfestingar og/eða handvirkar virkjunar á heimilistækinu sjálfu. Home Connect-forritið upplýsir þig um allar slíkar kröfur.

Notandakennið þitt, upplýsingarnar á heimilistækinu þínu og stjórnhnapparnir þínir eru sendir til netþjóns („Home Connect-þjónn“) gegnum gagnatenginguna. Þjónninn sendir út stjórnhnappana þína. Nánari upplýsingar um meðhöndlun og úrvinnslu gagna eru í Yfirlýsingu um gagnavernd.

Þú getur aðeins notað Home Connect-forritið til fullnustu ef þú ert skráð(ur) inn á Home Connect-notandareikninginn, heimilistækjunum þínum hefur verið úthlutað á Home Connect-notandareikninginn þinn og ef heimilistækin og Home Connect-forritið hafa komið á gagnatengingu við Home Connect-þjóninn.

Ef þú aftengir heimilistækin þín frá Home Connect-þjóninum í Home Connect-forritinu geturðu aðeins notað takmarkaðar aðgerðir og þjónustu sem birtast í Home Connect-forritinu, innan þeirrar Wi-Fi-tengingar sem nær til heimilistækisins (aðeins notkun með Wi-Fi). Af öryggisástæðum mælum við ekki með því að heimilistæki sé stjórnað með því að nota aðeins Wi-Fi í lengri tíma, þar sem það kemur í veg fyrir að þú getir tekið við þeim öryggistengdu hugbúnaðaruppfærslum sem í boði eru fyrir heimilistækið þitt.

Ef þú slekkur á Wi-Fi-tengingu heimilistækisins þíns í Home Connect-forritinu getur heimilistækið þitt ekki lengur komið á tengingu við Home Connect-þjóninn. Ef slökkt er á þessari tengingu þýðir það enn fremur að ekki er hægt að nota Home Connect-forritið til að stjórna heimilistækjunum þínum.

3. Skráningarferlið

Notkun á Home Connect-forritinu krefst þess að stofnaður sé notandareikningur (skráning). Til að skráning takist þarf að öllu jöfnu að gefa upp, að lágmarki, fornafn og eftirnafn, staðsetningu heimilistækisins (land), netfangið þitt (notandakenni) og persónulegt aðgangsorð. Í sumum löndum þarf að gefa upp ítarlegri upplýsingar.

Þegar skráningu í Home Connect-forritið er lokið færð þú staðfestingu í tölvupósti og notandareikningurinn þinn verður virkjaður. Þessi tölvupóstur inniheldur tengil sem verður að fylgja til að staðfesta skráningu.

4. Innskráning á notandareikninginn þinn

Þú ættir að halda aðgangsorðinu leyndu og aldrei gefa það upp til þriðja aðila. Ef þú glatar aðgangsorðinu eða þig grunar að þriðji aðili hafi komist á snoðir um það ber þér skylda til að tilkynna rekstraraðilanum það tafarlaust með því að nota samskiptaupplýsingarnar í Home Connect-forritinu, sem og að breyta aðgangsorðinu. Notaðu aðgerðina „Breyta aðgangsorði“ og/eða aðgerðina „Gleymdirðu aðgangsorðinu?“ í Home Connect-forritinu til að breyta aðgangsorðinu eða búa til nýtt.

Flestar aðgerðir og þjónustu sem í boði eru gegnum Home Connect-forritið er aðeins hægt að nota þegar notandi er skráður inn á notandareikninginn. Af öryggisástæðum verður þú sjálfkrafa skráð(ur) út af notandareikningnum þínum eigi síðar en 24 klukkustundum eftir innskráningu. Ef þú kveikir á aðgerðinni „Vera áfram skráð(ur) inn“ verður þú ekki sjálfkrafa skráð(ur) út af notandareikningnum þínum í þrjá (3) mánuði. Hafðu í huga að þrátt fyrir að þetta hafi þægindi í för með sér getur notkun þessarar aðgerðar aukið hættu á að þriðju aðilar fái aðgang að fartækinu þínum gegnum Home Connect-forritið án heimildar. Þú berð bótaábyrgð gagnvart rekstraraðila að því er varðar hvers konar misnotkun þriðja aðila. Til að slökkva á aðgerðinni „Vera áfram skráð(ur) inn“ þarf aðeins að skrá sig út af notandareikningnum. Ef Home Connect-forritinu er lokað hefur það engin áhrif á innskráningarstöðu notandareikningsins þíns.

5. Notkunarskilyrði

Til að gera þér kleift að nota þann hluta Home Connect-forritsins sem krefst skráningar þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- þú ert einkanotandi og a.m.k. 18 ára að aldri,
- þú hefur sett upp notandareikning sem hluta af skráningarferlinu,
- þú notar heimilistækið þitt í landi þar sem rekstraraðilinn býður upp á Home Connect-forritið (hægt er að sækja lista yfir lönd þar sem slíkt er í boði í Home Connect-forritinu).

Til að hægt sé að nota Home Connect-forritið þarf að setja það upp á nettengjanlegt fartæki sem keyrir stutt stýrikerfi (sjá lista yfir studd fartæki á www.home-connect.com). Fartækið og heimilistækið þurfa að vera í þinni eigu og tengd við Wi-Fi gegnum viðeigandi internetbeini. Fartækið þitt þarf að nota aðra gagnatengingu þegar farið er út fyrir Wi-Fi-drægi heimilistækisins. Við notkun utan nets er hægt að nota tækið sem „ótengt heimilistæki“. Ef slökkt er á Wi-Fi-tengingunni eða ef fartækið er utan sviðs Wi-Fi-tengingarinnar er ekki hægt að stjórna heimilistækinu gegnum Home Connect-forritið. Þú ert ábyrg(ur) fyrir hverjum þeim kostnaði sem kann að áskapast vegna gagnatengingar. Rekstraraðilinn skal ekki teljast ábyrgur fyrir aðgengileika og/eða gæðum gagnatengingarinnar.

6. Home Connect-forritið notað af mörgum notendum

Í samræmi við það gildissvið sem tilgreint er undir lið 9 geta margir notendur notað Home Connect-forritið samtímis, en hver notandi þarf að hafa sinn eigin notandareikning. Ef margir notendur bæta sama heimilistæki við sína notandareikninga (t.d. fjölskyldumeðlimir eða samleigjendur) skal sá notandi sem fyrstur bætti heimilistækinu við sinn notandareikning („aðalnotandi“) hafa rétt á að fjarlægja heimilistækið af notandareikningum þeirra notenda sem bættu því við síðar. Aðalnotandi getur framselt réttindi sín sem aðalnotandi til annars notanda. Allir notendur tiltekins heimilistækis geta skoðað stöðu þess tækis í Home Connect-forritinu og gefið út stjórnskipanir ef þess gerist þörf.

Notkun á þjónustu þriðju aðila (sjá nánar í lið 7) skal að öllu jöfnu aðeins hafa áhrif á þann notanda sem velur að virkja slíka þjónustu („notandi þjónustu þriðju aðila“). Gögn sem send eru til þjónustuveitu þriðja aðila kunna að innihalda gögn sem varða notkunarmynstur annarra notenda heimilistækis/-tækja. Notanda þjónustu þriðju aðila ber að upplýsa aðra notendur heimilistækis/-tækja um tilgang og umfang gagnaöflunarinnar og um frekari vinnslu og notkun gagna af hálfu þjónustuveitu þriðju aðila áður en slík þjónusta er virkjuð. Enn fremur ber slíkum notanda að afla samþykkis allra notenda að því er varðar slíka meðhöndlun gagna.

7. Þjónusta þriðju aðila

Þjónusta þriðju aðila sem samþætt er við Home Connect-forritið og þjónusta þriðju aðila sem gerir þeim kleift að fá ytri aðgang að heimilistæki gegnum eigin aðskilin forrit fjölgar möguleikunum á notkun Home Connect-forritsins. Notkun slíkrar samþættrar og/eða ytri þjónustu krefst þess að öllu jöfnu að Home Connect-notandareikningurinn þinn sé tengdur við fyrirliggjandi notandareikning sem skráður er hjá þjónustuveitanda þriðja aðila. Alla sértæka notkunarskilmála sem rekstraraðili setur fram og eiga sérstaklega við um notkun þjónustu þriðju aðila sem er ýmist samþætt við Home Connect-forritið eða í boði sem ytri þjónusta er að finna undir „Samþætt þjónusta“ og þá skilmála þarf að samþykkja sérstaklega, ef við á, áður en slík þjónusta er notuð. Aðeins sértækir skilmálar sem stjórna þjónustu þriðju aðila sem hefur verið tengd við þinn notandareikning eiga við í þessu tilviki. Hafðu í huga að auk almennra notkunarskilmála rekstraraðilans og sértækra notkunarskilmála fyrir samþætta og/eða ytri þjónustu kunna notkunarskilmálar sem þjónustuveitandi þriðja aðila setur fram einnig að gilda. Þjónustuveitandi þriðja aðila skal bera alla ábyrgð á þeim síðastnefndu.

Samþætting þjónustu þriðju aðila við Home Connect-forritið og/eða tenging við ytri þjónustu teljast viðbótareiginleikar og rekstraraðili skal ekki teljast ábyrgur fyrir því að slíkir eiginleikar séu aðgengilegir. Rekstraraðili getur, samkvæmt meginreglu, hætt að bjóða slíka þjónustu hvenær sem er og án fyrirvara. Almenna reglan er sú að rekstraraðili getur ekki haft eftirlit með nákvæmni og heilleika gagna sem þjónustuveitandi þriðja aðila sendir og ber því enga bótaábyrgð að því er slík gögn varðar.

8. Hugbúnaðaruppfærslur

Rekstrarhæfi og áreiðanleika aðgerða í Home Connect-forritinu í heild í tengslum við heimilistæki er aðeins hægt að tryggja ef uppfærslur sem gerðar eru aðgengilegar fyrir Home Connect-forritið eru settar upp reglulega. Hið sama á við um allar uppfærslur fyrir heimilistæki sem framleiðandi gerir tiltækar. Rekstraraðilinn skal ekki vera ábyrgur fyrir neinum villum sem hafa áhrif á Home Connect-forritið, né heldur neinu tjóni sem áskapast vegna þess að þú hefur ekki, eða ekki að öllu leyti, sótt og/eða sett upp tiltækar uppfærslur.

9. Notkunarréttindi

Home Connect-forritið, sem og þjónusta, gögn og upplýsingar sem nota má og fá aðgang að gegnum forritið, eru varin af höfundarrétti.

Á gildistíma þessa notandasamnings er þér veitt takmarkað, óframseljanlegt, afturkræft leyfi til notkunar á Home Connect-forritinu í eigin þágu, og aðeins í þeim tilgangi sem kveðið er á um í þessum notkunarskilmálum, og í samræmi við notkunarskilmálana og gildandi lög. Einkum er óheimilt að afrita, breyta, endurrita, umskrifa, bakþýða (vendismíða) eða umbreyta Home Connect-forritinu – nema það sé sérstaklega heimilað samkvæmt lögum.

10. Framboð á aðgerðum og þjónustu

Rekstraraðili skal beita öllum raunhæfum ráðstöfunum til að tryggja framboð allra aðgerða og þjónustu sem í boði eru fyrir Home Connect-forritið, þar á meðal samþættingu á og tengingu við þjónustu þriðju aðila.

Tæknilegir örðugleikar kunna þó að koma upp tímabundið og hindra framboð á slíku að einhverju marki. Ekki er hægt að gera neina bótakröfu á hendur rekstraraðila ef truflun verður á framboði.

11. Flutningur / framsala / notkun þriðju aðila

Ef þú flytur heimilistækið á nýjan stað í öðru landi, þ.e. ekki því landi þar sem það var fyrst tekið í notkun, ber þér skylda til að breyta stillingum fyrir land á notandareikningnum þínum til samræmis við það. Hafðu í huga að notkun á Home Connect-forritinu í öðru landi kann að vera háð öðrum notkunarskilmálum og að önnur yfirlýsing um gagnavernd kann að eiga við. Ef landið sem um ræðir kemur ekki fyrir á lista yfir studd lönd getur þú ekki haldið áfram notkun Home Connect-forritsins. Notkun á Home Connect-forritinu tengd heimilistæki, sem ekki er heimiluð í viðkomandi landi, er með öllu bönnuð. Ef vafi leikur á þessu skal hafa samband við framleiðanda heimilistækisins.

Ef fartækið þitt verður selt eða sett í hendur þriðja aðila skaltu gæta þess að skrá þig fyrst út af notandareikningnum þínum og eyða Home Connect-forritinu. Eftir það verður ekki lengur hægt að (endur)úthluta fartæki á notandareikninginn þinn eða heimilistækið. Ef heimilistækið er selt skal gæta þess að endurstilla það á grunnstillingar framleiðanda. Með því móti er tengingin milli heimilistækisins og notandareikningsins þíns rofin.

Ef þú keyptir heimilistækið notað skaltu skoða stillingar reikningsins í Home Connect-forritinu til að ganga úr skugga um að engir óþekktir notendur séu tengdir við heimilistækið. Ef vafi leikur á þessu skal endurstilla tækið á grunnstillingar framleiðanda. Nánari upplýsingar um gagnavernd eru í Yfirlýsingu um gagnavernd.

Ef þú, í bága við ákvæðin undir liðum 4 og 6 í þessum notkunarskilmálum, heimilar þriðju aðilum að nota Home Connect-forritið þitt gegnum fartæki sem er með forritið uppsett ert þú ábyrg(ur) fyrir því að tryggja að Home Connect-forritið sé notað í samræmi við þessa notkunarskilmála og gildandi lög.

12. Bótaábyrgð

Rekstraraðili skal teljast ábyrgur gagnvart þér, án takmarkana, vegna hvers konar tjóns sem rekja má til vísitandi hegðunar og vítaverðs gáleysis af hálfu rekstraraðila eða lagalegra fyrirsvarsmanna eða umboðsmanna hans. Rekstraraðili skal teljast bótaskyldur gagnvart þér, án takmarkana, vegna hvers konar tjóns á lífi, líkama eða heilsu sem rekja má til lítilsháttar vanrækslu af hálfu rekstraraðila. Enn fremur skal rekstraraðili vera ábyrgur gagnvart þér, aðeins svo fremi sem hann hefur brotið gegn órjúfanlegri samningsbundinni skyldu, sem er skylda sem er nauðsynlegt að rækja til að hægt sé að tryggja fullar efndir samningsins og sem þú, sem samningsaðili, reiðir þig á að sé sinnt reglulega. Í slíkum tilvikum skal bótaábyrgð takmarkast við bætur fyrir fyrirsjáanlegt, dæmigert tjón. Skaðleysi rekstraraðila að því er varðar tjón vegna galla sem lágu fyrir þegar samningurinn var gerður skal undanþegið bótaábyrgð að því leyti sem lög leyfa. Bótaskylda rekstraraðila í samræmi við ákvæði um framboð þeirrar vöru sem um ræðir skal ekki skerðast af ofangreindum ákvæðum.

13. Breytingar á notkunarskilmálum

Rekstraraðili skal hafa rétt til að gera breytingar á notkunarskilmálunum. Almenna reglan er að við upplýsum þig um allar væntanlegar breytingar á notkunarskilmálunum sem kunna að hafa áhrif á samningsbundin tengsl samningsaðilanna gegnum Home Connect-forritið og/eða með tölvupósti, eigi síðar en sex vikum áður en slíkar breytingar skulu taka gildi. Slík tilkynning mun einnig innihalda upplýsingar um rétt þinn til að hafna breytingunum og þær afleiðingar sem slík höfnun kann að hafa. Við munum biðja þig að samþykkja breyttu notkunarskilmálana, eigi síðar en á þeim degi þegar breytingarnar skulu öðlast gildi. Þú getur ýmist veitt samþykki þitt og haldið áfram að nota Home Connect-forritið í samræmi við breyttu notkunarskilmálana eða neitað að samþykkja. Ef þú kýst að samþykkja ekki breyttu skilmálana hefur rekstraraðili rétt á að loka notandareikningnum þínum um leið og breytingarnar taka gildi og loka á notandareikninginn.

14. Uppsögn notkunarsamningsins

Rekstraraðili hefur rétt á að segja upp samningi sínum um notkun við þig með sex vikna fyrirvara, eða minna en það ef rekstraraðilinn ákveður að hætta rekstri sínum á Home Connect-forritinu sínu. Réttur beggja samningsaðila til að afturkalla notandasamning af ríkri ástæðu helst óskertur. Einkum skal rekstraraðili hafa ríkar ástæður, þá einkum að þú hafir reynst brjóta gegn lykilskuldbindingum í þessum notkunarskilmálum (sjá liði 5, 6 eða 9).

15. Gildandi lög / dómstóll lögsagnarumdæmis

Lögboðin lagaákvæði sem gilda á því svæði þar sem þú ert búsett(ur) skulu gilda. Að öðrum kosti skulu lög Sambandslýðveldisins Þýskalands gilda. Ákvæði í sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samninga um sölu á vörum milli ríkja skulu ekki gilda í neinum tilvikum. Lögsagnarumdæmi fyrir hvers konar ágreining sem kann að rísa um eða vegna þessara notkunarskilmála skal vera í München, Þýskalandi. Áskilin lögsagnarumdæmi samkvæmt lögum skulu ekki breytast vegna þessa.

Útgáfudagur: Ágúst 2016

B. Notkunarskilmálar sem gilda frá 29.05.2018:

Notkunarskilmálar fyrir Home Connect-forritið

1. Grundvöllur samningsins

Fyrirtækið Home Connect GmbH, Carl-Wery-Strasse 34, 81739 München, Þýskalandi (hér eftir kallað „rekstraraðili“) lætur þér hér með í té Home Connect-forritið án endurgjalds, til uppsetningar og notkunar á fartæki/-tækjum í þinni eigu.

Þessir notkunarskilmálar („notkunarskilmálar“) skulu gilda á milli þín, sem notanda Home Connect-forritsins, og fyrirtækisins Home Connect GmbH, sem rekstraraðila téðs forrits. Þegar þú hefur lokið skráningu skulu þessir skilmálar teljast bindandi samningsgrundvöllur fyrir notkun á Home Connect-forritinu. Þú getur kynnt þér og vistað þessa notkunarskilmála í Home Connect-forritinu undir „Stillingar“.

2. Aðgerðir og þjónusta sem í boði eru gegnum Home Connect-forritið

Home Connect-forritinu er ætlað að stjórna stærri og minni tækjum til heimilisnota („heimilistækjum“) sem eru samhafð við Home Connect og að veita aðra þjónustu (t.d. ábendingar um notkun tiltekinna kerfa heimilistækjanna, tillögur að uppskriftum eða tillögur um leiðir til að auka orkunýtingu) í tengslum við heimilistækin þín.

Aðgerðir og þjónusta sem í boði eru gegnum Home Connect-forritið geta verið mismunandi eftir gerð tækisins. Kynntu þér Home Connect-forritið vandlega til að sjá hvaða tilteknar aðgerðir eru í boði fyrir þig.

Af öryggisástæðum krefjast sumar aðgerðanna í Home Connect ekki aðeins skipunar gegnum Home Connect-forritið heldur einnig handvirkar staðfestingar og/eða handvirkar virkjunar á heimilistækinu sjálft. Home Connect-forritið upplýsir þig um allar slíkar kröfur.

Notandakennið þitt, upplýsingarnar á heimilistækinu þínu og stjórnhnapparnir þínir eru sendir til netþjóns („Home Connect-þjónn“) gegnum gagnatenginguna. Þjónninn sendir út stjórnhnappana þína. Nánari upplýsingar um meðhöndlun og úrvinnslu gagna eru í Yfirlýsingu um gagnavernd.

Þú getur aðeins notað Home Connect-forritið til fullnustu ef þú ert skráð(ur) inn á Home Connect-notandareikninginn, heimilistækjunum þínum hefur verið úthlutað á Home Connect-notandareikninginn þinn og ef heimilistækin og Home Connect-forritið hafa komið á gagnatengingu við Home Connect-þjóninn.

Ef þú aftengir heimilistækin þín frá Home Connect-þjóninum í Home Connect-forritinu geturðu aðeins notað takmarkaðar aðgerðir og þjónustu sem birtast í Home Connect-forritinu, innan þeirrar Wi-Fi-tengingar sem nær til heimilistækisins (aðeins notkun með Wi-Fi). Af öryggisástæðum mælum við ekki með því að heimilistæki sé stjórnað með því að nota aðeins Wi-Fi í lengri tíma, þar sem það kemur í veg fyrir að þú getir tekið við þeim öryggistengdu hugbúnaðaruppfærslum sem í boði eru fyrir heimilistækið þitt.

Ef þú slekkur á Wi-Fi-tengingu heimilistækisins þíns í Home Connect-forritinu getur heimilistækið þitt ekki lengur komið á tengingu við Home Connect-þjóninn. Ef slökkt er á þessari tengingu þýðir það enn fremur að ekki er hægt að nota Home Connect-forritið til að stjórna heimilistækjunum þínum.

3. Skráningarferlið

Notkun á Home Connect-forritinu krefst þess að stofnaður sé notandareikningur (skráning). Til að skráning takist þarf að öllu jöfnu að gefa upp, að lágmarki, fornafn og eftirnafn, staðsetningu heimilistækisins (land),

netfangið þitt (notandakenni) og persónulegt aðgangsorð. Í sumum löndum þarf að gefa upp ítarlegri upplýsingar.

Þegar skráningu í Home Connect-forritið er lokið færð þú staðfestingu í tölvupósti og notandareikningurinn þinn verður virkjaður. Þessi tölvupóstur inniheldur tengil sem verður að fylgja til að staðfesta skráningu.

4. Innskráning á notandareikninginn þinn

Þú ættir að halda aðgangsorðinu leyndu og aldrei gefa það upp til þriðja aðila. Ef þú glatar aðgangsorðinu eða þig grunar að þriðji aðili hafi komist á snoðir um það ber þér skylda til að tilkynna rekstraraðilanum það tafarlaust með því að nota samskiptaupplýsingarnar í Home Connect-forritinu, sem og að breyta aðgangsorðinu. Notaðu aðgerðina „Breyta aðgangsorði“ og/eða aðgerðina „Gleymdirðu aðgangsorðinu?“ í Home Connect-forritinu til að breyta aðgangsorðinu eða búa til nýtt.

Flestar aðgerðir og þjónustu sem í boði eru gegnum Home Connect-forritið er aðeins hægt að nota þegar notandi er skráður inn á notandareikninginn. Af öryggisástæðum verður þú sjálfkrafa skráð(ur) út af notandareikningnum þínum eigi síðar en 24 klukkustundum eftir innskráningu. Ef þú kveikir á aðgerðinni „Vera áfram skráð(ur) inn“ verður þú ekki sjálfkrafa skráð(ur) út af notandareikningnum þínum í þrjá (3) mánuði. Hafðu í huga að þrátt fyrir að þetta hafi þægindi í för með sér getur notkun þessarar aðgerðar aukið hættu á að þriðju aðilar fái aðgang að fartækinu þínum gegnum Home Connect-forritið án heimildar. Þú berð bótaábyrgð gagnvart rekstraraðila að því er varðar hvers konar misnotkun þriðja aðila. Til að slökkva á aðgerðinni „Vera áfram skráð(ur) inn“ þarf aðeins að skrá sig út af notandareikningnum. Ef Home Connect-forritinu er lokað hefur það engin áhrif á innskráningarstöðu notandareikningsins þíns.

5. Notkunarskilyrði

Til að gera þér kleift að nota þann hluta Home Connect-forritsins sem krefst skráningar þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- þú ert einkanotandi og a.m.k. 18 ára að aldri,
- þú hefur sett upp notandareikning sem hluta af skráningarferlinu,
- þú notar heimilistækið þitt í landi þar sem rekstraraðilinn býður upp á Home Connect-forritið (hægt er að sækja lista yfir lönd þar sem slíkt er í boði í Home Connect-forritinu).

Til að hægt sé að nota Home Connect-forritið þarf að setja það upp á nettengjanlegt fartæki sem keyrir stutt stýrikerfi (sjá lista yfir studd fartæki á <http://www.home-connect.com>). Fartækið og heimilistækið þurfa að vera í þinni eigu og tengd við Wi-Fi gegnum viðeigandi internetbeini. Fartækið þitt þarf að nota aðra gagnatengingu þegar farið er út fyrir Wi-Fi-drægi heimilistækisins. Við notkun utan nets er hægt að nota tækið sem „ótengt heimilistæki“. Ef slökkt er á Wi-Fi-tengingunni eða ef fartækið er utan sviðs Wi-Fi-tengingarinnar er ekki hægt að stjórna heimilistækinu gegnum Home Connect-forritið. Þú ert ábyrg(ur) fyrir hverjum þeim kostnaði sem kann að áskapast vegna gagnatengingar (sem og fyrir því að sækja uppfærslur á Home Connect-forritinu eða fastbúnaði heimilistækisins, og senda myndir). Rekstraraðilinn skal ekki teljast ábyrgur fyrir aðgengileika og/eða gæðum gagnatengingarinnar.

6. Home Connect-forritið notað af mörgum notendum

Í samræmi við það gildissvið sem tilgreint er undir lið 9 geta margir notendur notað Home Connect-forritið samtímis, en hver notandi þarf að hafa sinn eigin notandareikning. Ef margir notendur bæta sama heimilistæki við sína notandareikninga (t.d. fjölskyldumeðlimir eða samleigjendur) skal sá notandi sem fyrstur bætti heimilistækinu við sinn notandareikning („aðalnotandi“) hafa rétt á að fjarlægja heimilistækið af notandareikningum þeirra notenda sem bættu því við síðar. Aðalnotandi getur framselt réttindi sín sem aðalnotandi til annars notanda. Allir notendur tiltekins heimilistækis geta skoðað stöðu þess tækis í Home Connect-forritinu og gefið út stjórnskipanir ef þess gerist þörf.

Notkun á þjónustu þriðju aðila (sjá nánar í lið 7) skal að öllu jöfnu aðeins hafa áhrif á þann notanda sem velur að virkja slíka þjónustu („notandi þjónustu þriðju aðila“). Gögn sem send eru til þjónustuveitu þriðja

aðila kunna að innihalda gögn sem varða notkunarmynstur annarra notenda heimilistækis/-tækja. Notanda þjónustu þriðju aðila ber að upplýsa aðra notendur heimilistækis/-tækja um tilgang og umfang gagnaöflunarinnar og um frekari vinnslu og notkun gagna af hálfu þjónustuveitu þriðju aðila áður en slík þjónusta er virkjuð. Enn fremur ber slíkum notanda að afla samþykkis allra notenda að því er varðar slíka meðhöndlun gagna.

7. Þjónusta þriðju aðila

Þjónusta þriðju aðila sem samþætt er við Home Connect-forritið og þjónusta þriðju aðila sem gerir þeim kleift að fá ytri aðgang að heimilistæki gegnum eigin aðskilin forrit fjölgar möguleikunum á notkun Home Connect-forritsins. Notkun slíkrar samþættrar og/eða ytri þjónustu krefst þess að öllu jöfnu að Home Connect-notandareikningurinn þinn sé tengdur við fyrirliggjandi notandareikning sem skráður er hjá þjónustuveitanda þriðja aðila. Alla sértæka notkunarskilmála sem rekstraraðili setur fram og eiga sérstaklega við um notkun þjónustu þriðju aðila sem er ýmist samþætt við Home Connect-forritið eða í boði sem ytri þjónusta er að finna undir „Samþætt þjónusta“ og þá skilmála þarf að samþykkja sérstaklega, ef við á, áður en slík þjónusta er notuð. Aðeins sértækir skilmálar sem stjórna þjónustu þriðju aðila sem hefur verið tengd við þinn notandareikning eiga við í þessu tilviki. Hafðu í huga að auk almennra notkunarskilmála rekstraraðilans og sértækra notkunarskilmála fyrir samþætta og/eða ytri þjónustu kunna notkunarskilmálar sem þjónustuveitandi þriðja aðila setur fram einnig að gilda. Þjónustuveitandi þriðja aðila skal bera alla ábyrgð á þeim síðastnefndu.

Samþætting þjónustu þriðju aðila við Home Connect-forritið og/eða tenging við ytri þjónustu teljast viðbótareiginleikar og rekstraraðili skal ekki teljast ábyrgur fyrir því að slíkir eiginleikar séu aðgengilegir. Rekstraraðili getur, samkvæmt meginreglu, hætt að bjóða slíka þjónustu hvenær sem er og án fyrirvara. Almenna reglan er sú að rekstraraðili getur ekki haft eftirlit með nákvæmni og heilleika gagna sem þjónustuveitandi þriðja aðila sendir og ber því enga bótaábyrgð að því er slík gögn varðar.

8. Hugbúnaðaruppfærslur

Rekstrarhæfi og áreiðanleika aðgerða í Home Connect-forritinu í heild í tengslum við heimilistæki er aðeins hægt að tryggja ef uppfærslur sem gerðar eru aðgengilegar fyrir Home Connect-forritið eru settar upp reglulega. Hið sama á við um allar uppfærslur fyrir heimilistæki sem framleiðandi gerir tiltækar. Uppfærslur á heimilistæki eru m.a. gerðar í þeim tilgangi að bæta fyrirliggjandi eiginleika, lagfæra villur eða bæta við eiginleikum eða efni. Fyrir fyrstu uppfærslu heimilistækja þarft þú eða - ef um marga notendur er að ræða - einhver notandi að staðfesta að uppfærslan hafi verið sótt og sett upp í Home Connect-forritinu. Fyrir síðari uppfærslu heimilistækja getur þú eða - ef um marga notendur er að ræða - aðalnotandi samkvæmt valið milli mismunandi valkosta (t.d. hvort almennt eigi að sækja og setja upp slíkar uppfærslur sjálfkrafa, hvort slíkt eigi aðeins að eiga við um öryggisuppfærslur eða hvort ákveða eigi það í hverju tilviki fyrir sig). Hægt er að breyta þessari stillingu hvenær sem er í forritinu og - ef um marga notendur er að ræða - af hvaða notanda sem er (þetta gildir einnig fyrir aðra notendur). Undir sérstökum kringumstæðum (t.d. ef öryggi vörunnar eða gagnaöryggi krefst þess, eða ef um sérstakar gerðir tækja er að ræða) áskiljum við okkur rétt til að sækja uppfærslur beint og setja þær upp á tækið óháð þessum stillingum. Þú samþykkir slíkar sjálfvirkar uppfærslur á tækinu. Ef við höfum þurft að framkvæma slíka sjálfvirka uppfærslu látum við þig vita. Rafstraumur til tækisins og nettenging verður ekki rofin meðan verið er að setja upp uppfærslu á tækinu (óháð því hvaða tegund uppfærslu um er að ræða).

Rekstraraðilinn skal ekki vera ábyrgur fyrir neinum villum sem hafa áhrif á Home Connect-forritið eða heimilistækið, né heldur neinu tjóni sem áskapast vegna þess að þú hefur ekki, eða ekki að öllu leyti, sótt og/eða sett upp tiltækar uppfærslur á Home Connect-forritinu eða heimilistækinu. Því ættir þú ávallt að sækja og setja upp allar uppfærslur um leið og þær eru í boði. Við látum þig vita gegnum Home Connect-forritið þegar uppfærslur fyrir heimilistæki eru í boði.

9. Notkunarréttindi

Home Connect-forritið, sem og þjónusta, gögn og upplýsingar sem nota má og fá aðgang að gegnum forritið, eru varin af höfundarrétti.

Á gildistíma þessa notandasamnings er þér veitt takmarkað, óframseljanlegt, afturkræft leyfi til notkunar á Home Connect-forritinu í eigin þágu, og aðeins í þeim tilgangi sem kveðið er á um í þessum notkunarskilmálum, og í samræmi við notkunarskilmálana og gildandi lög. Einkum er óheimilt að afrita, breyta, endurrita, umskrifa, bakþýða (vendismiða) eða umbreyta Home Connect-forritinu – nema það sé sérstaklega heimilað samkvæmt lögum.

10. Framboð á aðgerðum og þjónustu

Rekstraraðili skal beita öllum raunhæfum ráðstöfunum til að tryggja framboð allra aðgerða og þjónustu sem í boði eru fyrir Home Connect-forritið, þar á meðal samþættingu á og tengingu við þjónustu þriðju aðila. Tæknilegir örðugleikar kunna þó að koma upp tímabundið og hindra framboð á slíku að einhverju marki. Ekki er hægt að gera neina bótakröfu á hendur rekstraraðila ef truflun verður á framboði.

11. Flutningur / framsala / notkun þriðju aðila

Ef þú flytur heimilistækið á nýjan stað í öðru landi, þ.e. ekki því landi þar sem það var fyrst tekið í notkun, ber þér skylda til að breyta stillingum fyrir land á notandareikningnum þínum til samræmis við það. Hafðu í huga að notkun á Home Connect-forritinu í öðru landi kann að vera háð öðrum notkunarskilmálum og að önnur yfirlýsing um gagnavernd kann að eiga við. Ef landið sem um ræðir kemur ekki fyrir á lista yfir studd lönd getur þú ekki haldið áfram notkun Home Connect-forritsins. Notkun á Home Connect-forritinu tengd heimilistæki, sem ekki er heimiluð í viðkomandi landi, er með öllu bönnuð. Ef vafi leikur á þessu skal hafa samband við framleiðanda heimilistækisins.

Ef fartækið þitt verður selt eða sett í hendur þriðja aðila skaltu gæta þess að skrá þig fyrst út af notandareikningnum þínum og eyða Home Connect-forritinu. Eftir það verður ekki lengur hægt að (endur)úthluta fartæki á notandareikninginn þinn eða heimilistækið. Ef heimilistækið er selt skal gæta þess að endurstilla það á grunnstillingar framleiðanda. Með því móti er tengingin milli heimilistækisins og notandareikningsins þíns rofin.

Ef þú keyptir heimilistækið notað skaltu skoða stillingar reikningsins í Home Connect-forritinu til að ganga úr skugga um að engir óþekktir notendur séu tengdir við heimilistækið. Ef vafi leikur á þessu skal endurstilla tækið á grunnstillingar framleiðanda. Nánari upplýsingar um gagnavernd eru í Yfirlýsingu um gagnavernd.

Ef þú, í bága við ákvæðin undir liðum 4 og 6 í þessum notkunarskilmálum, heimilar þriðju aðilum að nota Home Connect-forritið þitt gegnum fartæki sem er með forritið uppsett ert þú ábyrg(ur) fyrir því að tryggja að Home Connect-forritið sé notað í samræmi við þessa notkunarskilmála og gildandi lög.

12. Bótaábyrgð

Rekstraraðili skal teljast ábyrgur gagnvart þér, án takmarkana, vegna hvers konar tjóns sem rekja má til vísvitandi hegðunar og vítaverðs gáleysis af hálfu rekstraraðila eða lagalegra fyrirsvarsmanna eða umboðsmanna hans. Rekstraraðili skal teljast bótaskyldur gagnvart þér, án takmarkana, vegna hvers konar tjóns á lífi, líkama eða heilsu sem rekja má til lítilsháttar vanrækslu af hálfu rekstraraðila. Enn fremur skal rekstraraðili vera ábyrgur gagnvart þér, aðeins svo fremi sem hann hefur brotið gegn órjúfanlegri samningsbundinni skyldu, sem er skylda sem er nauðsynlegt að rækja til að hægt sé að tryggja fullar efndir samningsins og sem þú, sem samningsaðili, reiðir þig á að sé sinnt reglulega. Í slíkum tilvikum skal bótaábyrgð takmarkast við bætur fyrir fyrirsjáanlegt, dæmigert tjón. Skaðleysi rekstraraðila að því er varðar tjón vegna galla sem lágu fyrir þegar samningurinn var gerður skal undanþegið bótaábyrgð að því leyti sem lög leyfa. Bótaskylda rekstraraðila í samræmi við ákvæði um framboð þeirrar vöru sem um ræðir skal ekki skerðast af ofangreindum ákvæðum.

13. Breytingar á notkunarskilmálum

Rekstraraðili skal hafa rétt til að gera breytingar á notkunarskilmálunum. Almenna reglan er að við upplýsum þig um allar væntanlegar breytingar á notkunarskilmálunum sem kunna að hafa áhrif á samningsbundin tengsl samningsaðilanna gegnum Home Connect-forritið og/eða með tölvupósti, eigi síðar en sex vikum áður en slíkar breytingar skulu taka gildi. Slík tilkynning mun einnig innihalda upplýsingar um rétt þinn til að

hafna breytingunum og þær afleiðingar sem slík höfnun kann að hafa. Við munum biðja þig að samþykkja breyttu notkunarskilmálana, eigi síðar en á þeim degi þegar breytingarnar skulu öðlast gildi. Þú getur ýmist veitt samþykki þitt og haldið áfram að nota Home Connect-forritið í samræmi við breyttu notkunarskilmálana eða neitað að samþykkja. Ef þú kyst að samþykkja ekki breyttu skilmálana hefur rekstraraðili rétt á að loka notandareikningnum þínum um leið og breytingarnar taka gildi og loka á notandareikninginn.

14. Uppsögn notkunarsamningsins

Rekstraraðili hefur rétt á að segja upp samningi sínum um notkun við þig með sex vikna fyrirvara, eða minna en það ef rekstraraðilinn ákveður að hætta rekstri sínum á Home Connect-forritinu sínu. Réttur beggja samningsaðila til að afturkalla notandasamning af ríkri ástæðu helst óskertur. Einkum skal rekstraraðili hafa ríkar ástæður, þá einkum að þú hafir reynst brjóta gegn lykilskuldbindingum í þessum notkunarskilmálum (sjá liði 5, 6 eða 9).

15. Gildandi lög / dómstóll lögsagnarumdæmis

Lögboðin lagaákvæði sem gilda á því svæði þar sem þú ert búsett(ur) skulu gilda. Að öðrum kosti skulu lög Sambandslýðveldisins Þýskalands gilda. Ákvæði í sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samninga um sölu á vörum milli ríkja skulu ekki gilda í neinum tilvikum. Lögsagnarumdæmi fyrir hvers konar ágreining sem kann að rísa um eða vegna þessara notkunarskilmála skal vera í München, Þýskalandi. Áskilin lögsagnarumdæmi samkvæmt lögum skulu ekki breytast vegna þessa.

Útgáfudagur: Ágúst 2017